


Þessi fimm föll hafa verið teiknuð upp í hnitakerfinu hér að neðan

$$y = \sqrt{x} \quad y = x^2 \quad y = x \quad y = \frac{(x^2 + x)}{2} \quad y = 2\sqrt{x} - x$$



Hvor ásinn er x-ásinn og hvor ásinn er y-ásinn? Hvaða ferlar samsvara hvaða föllum?

Ímyndaðu þér að þú viljir teikna leið frá (0,0) og (1,1). Getur þú fundið fall sem fer þessa leið án þess að skera neina af ferlunum sem er nú þegar í hnitakerfi, nema í endapunktunum?

Hvaða aðra ferla getur þú teiknað sem skera aðeins endapunktana hjá hinum ferlunum?